



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 9. september 2014

Niðurstaða athugunar á tilteknum þáttum í starfsemi Festu lífeyrissjóðs

Á seinni hluta árs 2013 hóf Fjármálaeftirlitið vettvangsathugun á tilteknum þáttum í starfsemi Festu lífeyrissjóðs. Markmið athugunarinnar var m.a. að kanna stjórnarhætti, fjárfestingar, áhættustýringu og upplýsingakerfi sjóðsins. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir, ábendingar og kröfur um úrbætur. Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins, sem lágu fyrir í júlí 2014, byggðu á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðuðust við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Fjármálaeftirlitið taldi að þeir þættir sem vettvangsathugunin beindist að væru almennt í góðu horfi hjá Festu lífeyrissjóði. Helstu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins voru eftirfarandi.

Varðandi stjórnarhætti voru m.a. gerðar eftirfarandi athugasemdir: (i) Ekki lágu fyrir uppfærðar upplýsingar um eignarhald stjórnarmanna í fjármálagerningum og önnur hagsmunatengsl, í samræmi við 7. gr. verklagsreglna Festu lífeyrissjóðs um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga sem settar eru á grundvelli 5. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. (ii) Sjóðurinn fylgdi ekki innra verklagi við innheimtu iðgjalda, en mikilvægt er að eðlileg framvinda sé á innheimtum til þess að Ábyrgðasjóður launa ábyrgist ógreiddar iðgjaldakröfur, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa. (iii) Stjórn Festu hafði ekki tekið fyrir til samþykktar tillögu um skipulag innri endurskoðunar lífeyrissjóðsins, í samræmi við 6. gr. reglna nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða sem settar eru á grundvelli 2. mgr. 35 gr. laga nr. 129/1997. (iv) Ekki hafði verið tilnefndur staðgengill ábyrgðarmanns vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í samræmi við viðeigandi reglur Festu og lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Gerð var athugasemd við fjárfestingarferlið í aðdraganda kaupa Festu á fasteignaveðtryggðum skuldabréfum útgefnum af tilteknum lögaðila. Í því sambandi beindi Fjármálaeftirlitið því til sjóðsins að: (i) Skýra betur ákvæði varðandi fjárfestingarheimildir framkvæmdastjóra. (ii) Í starfsreglum stjórnar og framkvæmdastjóra verði skilgreint hvað teljist til óvenjulegra fjárfestinga, í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Jafnframt var gerð athugasemd við flokkun umræddrar fjárfestingar en Fjármálaeftirlitið taldi skuldabréfin ekki uppfylla skilyrði 3. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 varðandi veðhlutfall. Fjármálaeftirlitið beindi því til sjóðsins að flokka umrædd skuldabréf sem óskráð verðbréf skv. 9. tl. 36. gr. nefndra laga.

Fjármálaeftirlitið hefur farið fram á að Festa lífeyrissjóður bæti úr framangreindum atriðum innan hæfilegs frests.